

# Páskasýning

Ljósmyndaklúbbur Fjallabyggðar heldur ljósmyndasýningu í Bláa Húsinu á Rauðkutorgi um páskana. Sautján félagar í klúbbum sýna þar myndir, auk þess sem sýndar verða litmyndir sem Hjörtur Karlsson, sem lést árið 2000, tók um og upp úr miðri síðustu öld.

Sýningin verður opin frá kl. 14.00 til 18.00 á skírdag, föstudaginn langa, laugardag og páskadag.

Auk þess að standa fyrir ljósmyndasýningum heldur klúbburinn úti Feisbókarsíðu með myndum frá Fjallabyggð, haldnir eru spjallfundir um ljósmyndun og námskeið fyrir félagsmenn.

Mynd: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.

Texti: Aðsendur.